

Minnisblað til Lista- og menningarráðs Kópavogs um umfjöllun um Héraðsskjalasafn Kópavogs í skýrslu KPMG í mars 2023

Þar sem mér er nú, með dags fyrirvara, ætlaður stundarfjórðungur á fundi Lista- og menningarráðs Kópavogs 30. mars 2023 til að bregðast við skýrslu KPMG *Kópavogsbær menningarmál. Greining á rekstir og tækifærum til hagræðingar*, mars 2023. tel ég nauðsynlegt að leggja fram greinargerð til að koma helstu athugasemdum að.

Undirritaður var kallaður til viðtals við starfsmenn KPMG 4. janúar sl. kl. 12:30-13:15. Það er 45 mínútna tími. Daginn áður fékk hann spurningalista og er hann hjálagaður. Við það að sjá skýrslu KPMG 29. mars 2023 þykja undirrituðum áherslurnar í nokkru ósamræmi við það sem hann sagði í viðtalinu.

Ekkert er minnst á minjageymslu bæjarins sem heyrir undir Héraðsskjalasafn Kópavogs eða safnkost þar, en þar í er Minjasafn Kópavogsbæjar. Ekki er minnst á þau áform sem komust á borð Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu fyrir 12 árum um sameiginlegt héraðsskjalasafn fyrir Kópavog, Hafnarfjörð og Garðabæ. Þetta nefndi ég þó í viðtalinu.

Aðkoma Þjóðskjalasafns Íslands að skjölum sveitarfélaga er í neyðarákvæðum laga til að bjarga skjölum frá glötun. Engin dæmi eru til um að Þjóðskjalasafn Íslands hafi tekið héraðsskjalasafn upp á sína arma með niðurlagningu þess.

Örlög Borgarskjalasafns Reykjavíkur eru óljós, það hefur verið lagt niður, safnkosturinn er í lagalegu tómarúmi. Þegar biskupsstóllinn á Hólum aflagðist 1798 fóru menn með gripdeildum um bækur og handrit í óvissuástandi því sem skapaðist, fleiri og yngri dæmi mætti tilfæra. Miklar áhyggjur eru af stöðu þeirra skjala sem voru í Borgarskjalasafninu eftir að það var lagt niður. Málið er í skoðun hjá þjóðskjalaverði og menningarmálaráðherra, en ekkert hefur frést af neinum ákvörðunum. Miðað við fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar er ekki við því að búast að farið verði í neinar nýbyggingar í kringum Þjóðskjalasafn eða safnkost Borgarskjalasafns. Einnig er ljóst að Reykjavíkurborg mun hvorki fá rekstur, geymslu né þjónustu við skjöl Borgarskjalasafnsins sér að kostnaðarlausu hjá ríkinu. Ráðlegast er að Kópavogsbær bíði átekta til að sjá hvort ríkið muni taka að sér héraðsskjalavörslu Reykjavíkurborgar svo ekki verði rasað um ráð fram í málum Héraðsskjalasafns Kópavogs líkt og gert hefur verið í málefnum Borgarskjalasafns.

Í minnisblaði undirritaðs og héraðsskjalavarðar Árnesinga til borgarfulltrúa í Reykjavík 28. febrúar sl. (hjálagt auk blaðagreina um málið***) komu fram nokkur atriði sem verð þóttu athugunar um ástæður þess að borgir og bæjarfélög reki skjalavörslu sína sjálf eða sameiginlega, óháð ríkinu. Kemur þar til sjálfstjórnarréttur sveitarfélaga sem þekktur er frá fyrri öldum og er nú bundinn í stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands. Einnig borgaraleg réttindi sem spruttu upp úr hugmyndum 18. aldar, rétturinn til skjala og að embættismönnum væri haldið við ábyrgð sína, mikilvægur þáttur í einstaklingsfrelsi vorra tíma. Einnig var bent á reipdrátt sem orðið hefur um vörslu stafrænna gagna, þar sem blasað hefur við að Þjóðskjalasafn Íslands hefur munað í sértekjur frá sveitarfélögum í því samhengi.

Hluti af safnkosti Héraðsskjalasafns Kópavogs eru skjöl sem einstaklingar og einkaaðilar hafa afhent skjalasafninu í trausti faglegrar meðferðar og varanleika skjalavörslustofnunarinnar.

Ekki er um ósvipaða skuldbindingu að ræða og þegar verk Gerðar Helgadóttur voru afhent Kópavogsbæ, skilyrðið var að bærinn ræki listasafn. Um er að ræða verðmæti sem vart verða metin til fjár, en sem kunnugt er teljast ekki öll menningarverðmæti markaðshæf. KPMG hefur yfirsést þessi mikilvægi þáttur í skýrslu sinni.

Á bls. 36 er m.a. talið upp undir fyrirsögninni „Áskoranir“. „Afstaða stjórnenda til stafrænnar varðveislu gagna og rafrænna skila.“ Með þessum orðum er dylgjað um afstöðu mína og reynt að setja mig í annarlegt ljós. Ég hef sagt, eins og aðrir skjalaverðir sem vit hafa á, að það er miklu dýrara að varðveita rafrænt en á pappír. Um það get ég vitnað til Kirsten Villadsen Kristmar yfirmanns skjalavörslusviðs Ríkisskjalasafnsins í Danmörku. Það er ekki afstaða undirritaðs, heldur staðreynd.

Rétt er að nefna að frá árinu 2009 hefur undirritaður verið einn af fáum skjalavörðum opinberra skjalasafna sem hefur haft fagþekkingu á þeirri stafrænu vörsluaðferð sem áskilin er í íslenskri stjórnsýslu og frá haustdögum 2022 hefur hann ásamt héraðsskjalaverði Árnesinga verið í forystu fyrir því að koma henni á hjá héraðsskjalasöfnum. Frumherjaverkefnið *Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu* er áætlað á þessu ári í Héraðsskjalasafni Kópavogs. Sjá hjálagðan bækling. Þegar hefur starfsemin hafist með móttöku vörsluútgáfna á gögnum stjórna, ráða og nefnda í Mosfellsbæ, og hefur tekist með ágætum.

Stýrihópur á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga og KPMG hefur gefið út aðgerðaráætlun sveitarfélaga um rafræn skil nú í mars (hjálagt). Þar segir m.a.

"Héraðsskjalasöfn eru þjónustu- og menningarstofnanir en um leið stjórnsýslustofnanir með ábyrgðarmikið eftirlitshlutverk þegar horft er til réttinda íbúa eða rekjanleika og gagnsæis þegar kemur að stjórnvaldsákvörðunum og þar með mikilvægt að sveitarfélög, stofnanir þeirra sem og íbúar geti með auðveldum hætti nýtt sér þjónustu héraðsskjalasafna. Rekstur þeirra er því mikilvægur hluti af þeirri þjónustu sem sveitarfélögin veita stofnunum sínum og íbúum heima í héraði. Skjalavarsla er lögmælt verkefni sveitarfélaga og héraðsskjalasöfnin tryggja farsæla og hagkvæma framkvæmd hennar."

Héraðsskjalasafn Kópavogs gegnir mikilvægu hlutverki í stafrænni vegferð héraðsskjalasafnanna á landsvísu.

Húsnæði Héraðsskjalasafns (bls. 37)

Húsnæðismál Héraðsskjalasafnsins hljóta að þarfnast endurskoðunar og fær það meðhöndlun í skýrslunni bls. 37. Þar er þó farið mjög óljóst yfir sögu og vaknar t.d. spurningin hvað fermetri af skjalasafni kosti í byggingu.

Byggingarkostnaður hjá Héraðsnefnd Árnesinga fyrir Héraðsskjalasafn Árnesinga var nýverið áætlaður um 250.000 krónur á fermetra.

Í skýrslu KPMG um Borgarskjalasafn var áætlaður byggingarkostnaður um ein milljón á fermetrann.

Í skýrslu KPMG um Héraðsskjalasafn Kópavogs var áætlaður byggingarkostnaður 400-600 þúsund krónur á fermetrann.

Það eru býsna ólíkir verðmiðar á byggingarkostnaði í sama þjóðfélagi og á sama markaði.

Ekki er velt upp valkostum í þessu samhengi í skýrslu KPMG sem er miður, en tekið fram með vísan í minnisblað deildarstjóra eignadeildar Kópavogsbæjar að þarfagreiningu þurfi að gera. Hún liggur ekki fyrir en samt varpar KPMG fram þörf og kostnaði fyrir 900 fermetra nýbyggingu, eins og það blasi við.

Þar mætti fara ýmsar leiðir, brýnast er að geymslur að Fannborg 3-5 sem eru 116 m² verði leystar af hólmi og aukið verði við geymslupláss Héraðsskjalasafns Kópavogs, en við flutning bæjarskrifstofa úr Fannborg jukust afhendingar skjala til Héraðsskjalasafnsins svo mjög að það var komið í vandræði í júlí 2018. Útistandandi er mikið magn pappírsskjala, e.t.v. jafn mikið og nú er þegar í Héraðsskjalasafninu.

Það mætti hugsa ýmsa kosti í þessu samhengi. Algeran flutning allrar starfseminni í nýtt húsnæði (hvort heldur það yrði byggt eða keypt) eða aðeins nýjar fjargeymslur sem tækju yfir þann hillukílómetra sem er úti í Fannborg 3-5 og rúmaði 3 til viðbótar. Þetta mætti flétta saman við samstarf við Hafnarfjarðarbæ og Garðabæ um samrekstur héraðsskjalasafns. Einnig mætti flétta þetta saman við húsnæðisáform um ráðhús.

Núverandi húsnæði Héraðsskjalasafnsins er alls 463,2 m² þar af eru 261,4 m² geymslur undir safnkost. Ótalin er hér minjageymslan í Austurkór sem er 105,9 m².

Fermetratal segir ekki alla sögu, því hægt er að nýta rúmmál með ýmsum hætti. Það er hvorki haus né hali á umfjöllun KPMG um húsnæðismál Héraðsskjalasafnsins. Um þau var ekkert rætt við héraðsskjalavörð.

Flutningur Héraðsskjalasafns Kópavogs til Þjóðskjalasafns skv. KPMG skýrslunni, kostnaðarfantasía (bls. 38-39).

Flutningur gagna er áætlaður 85 milljóna kostnaður í eitt skipti byggt á tilboði Þjóðskjalasafns Íslands til Akraneskaupstaðar. Forsendurnar þess eru engan veginn á hreinu, þar sem ekkert mat liggur að baki um skráningu og ástand þess sem varðveitt er í Héraðsskjalasafni Kópavogs.

Varðveisla gagna 2025-2028 Kostnaður miðað við gjaldskrá Þjóðskjalasafns Íslands, einvörðungu varðveislukostnaður. Þessi kostnaður er talinn 40 milljónir í skýrslu KPMG.

Forsenda þess er að í Héraðsskjalasafni Kópavogs séu 1635 hillumetrar og hver hillumetri kosti árlega 6000 krónur í vörslu Þjóðskjalasafns Íslands. Árlega yrði það 9.810.000 kr. Á fjórum árum

39.

240.000.

Vætanlega er þá reiknað með að 760.000 fari í rafræn gögn sem væru þá vætanlega 190.000 kr. á ári sem væri um 158 gígabæti. En hvert gígabæti kostar árlega í vörslu Þjóðskjalasafns 1200 kr.

Í Héraðsskjalasafni Kópavogs eru nú rúmir 2,5 hillukílómetrar af skjölum (sumt á vörubrettum), nokkru meira en tekið var mið af í KPMG skýrslunni. Í tölvugögnum eru þar nú áætlað um 10 TB.

Hvert TB er 1024 GB. Árlegur kostnaður í Þjóðskjalasafni væri þá fremur 15 milljónir fyrir skjöl og 12.288.000 fyrir gögn. Samtals árlega 27.288.000. Á fjórum árum yrði það 109.152.000.

Miðað við réttari tölur um safnkost Héraðsskjalasafnsins yrði kostnaðurinn samtals á tímabilinu 2025-2028 þá 70 milljónum hærri en í skýrslu KPMG, eða 195 milljónir króna.

Miðað við útreikninga KPMG væri þá rekstrarávinningur áráanna 2025-2028 neikvæður um 15 milljónir króna.

Sé reiknað með að útistandandi séu um 3-4 hillukílómetrar af skjölum í stjórnsýslu og stofnunum bæjarins og e.t.v. 10 TB má ætla að þessi kostnaður verði meiri en tvöfalt hærri og bætist við á næstu árum.

15 milljóna tap ætti að standa fremur en 55 milljóna ávinningur fyrir Kópavogsbæ á þessum árum. Er þá ótalin sá kostnaður sem KPMG telur vert að hafa í huga sem tilfallandi, svo sem ráðgjöf, lögfræðikostnaður og fleira.

55 milljóna sparnaður í skýrslu KPMG verður með réttum tölum meira en 15 milljóna króna aukin útgjöld.

Meintur rekstrarhalli Héraðsskjalasafnsins skv. KPMG skýrslunni er sagður um 45 milljónir króna á ári. Þetta heitir reyndar rekstrarkostnaður Héraðsskjalasafnsins í daglegu tali.

Héraðsskjalasafn Kópavogs hefur ávalt undir stjórn undirritaðs haldið sig innan fjárheimilda og hefur það því ekki verið rekið með halla. Starfsemi stofnunarinnar býður ekki upp á tekjuöflun í venjulegum skilningi. En það væri hægt að innheimta gjöld frá stjórnsýslu bæjarins fyrir ráðgjöf og eftirlit og leggja sérstakt vörslugjald á skilaskyldar stofnanir bæjarins og einnig væri hægt að innheimta gjöld af skilaskyldum aðilum fyrir öskjur og arkir til frágangs skjölum, en það hefur Héraðsskjalasafnið séð um að útvega. Það væri því ýmislegt hægt með annarri bókhaldslegri nálgun.

KPMG reiknar í svokallaðri rekstrargreiningu (bls. 29) uppsafnað ársframlag til sérverkefna sem til er frá nokkurra ára tímabili, alls 11.782.033 sem rekstrartekjur ársins 2022. Dregur þær frá rekstrarkostnaði ársins 2022 og kallar útkomuna rekstrarhalla.

Rekstrarkostnaður Héraðsskjalasafns Kópavogs á ári er um 55 milljónir.

Á fjórum árum er rekstrarkostnaðurinn þannig um 220 milljónir.

Þar inni í er innri leiga til eignasjóðs Kópavogsbæjar um 13 milljónir árlega. Á fjórum árum 52 milljónir, velta sem breyttist í útgjöld til ríkisins við tilfærslu til Þjóðskjalasafns.

Sé þetta reiknað til hins ýtrasta má ætla að miðað við skjöl og gögn Kópavogsbæjar sem:

5,5- 6,5 hillukílómetra og 20 TB yrði kostnaður í vörslu Þjóðskjalasafnsins á ári

33 – 39 milljónir fyrir hillumetra og 24,576 milljónir fyrir gögn eða alls 57,5-63,5 milljónir á ári.

Engin þjónusta önnur en geymsla er inni í þessari tölu um Þjóðskjalasafnið. Fyrir þjónustu mætti ætla að Þjóðskjalasafnið hlyti að heimta greiðslur þ.e. fyrir aðgengisveitingu og ráðgjöf við notendur í tímavinnu. Það yrði fljótt mjög há upphæð. Einnig eftirlit með skjalavörslu Kópavogsbæjar og ráðgjöf við stofnanir hans.

„Vænt“ þ.e. áætlað hagræði KPMG um 180 milljónir króna til handa Kópavogsbæ á árunum 2025-2028 er stórlega ofmetið. Líklegra væri að setja mætti mínus fyrir framan þessa tölu og fjárhagstap bæjarins væri 180 milljónir. Eftir árið 2028 mun Kópavogsbær ekki hætta að tapa á því að hafa afhent Þjóðskjalasafni skjöl sín, meintur árlegur sparnaður KPMG frá 2028 er þá líklegri til að vera margra milljóna tap á ári.

KPMG bætir svo um betur og heldur því fram að með þessu heillaráði megi gera ráð fyrir „að draga megi úr kostnaði við fjárfestingu í húsnæði og stafrænum innviðum fyrir allt að 1000 m.kr.“

Þarna dregur KPMG kanínu upp úr hattinum upp á einn milljarð án þess að það sé útskýrt nánar. Hvað er átt við með þessum þúsund milljónum, upphæð sem er fráleit þegar Héraðsskjalasafn Kópavogs er til umfjöllunar?

Fjárfestingin Héraðsskjalasafn Kópavogs hefur þegar skilað sér á margan hátt og á eftir að sanna sig meira á komandi árum, ekki síst á sviði stafrænnar vörslu

Hið danska samstarf sveitarfélaga á Sjálandi um rafræna skjalavörslu NEA (Netværket Elektronisk Arkivering) hefur skilað sveitarfélögum þar umtalsverðum sparnaði miðað við það sem hefur verið í boði hjá Ríkisskjalasafni Danmerkur í staðinn. Rekstur héraðsskjalasafna hjá sveitarfélögum í Danmörku er í raun ekki lagaskylda, en þau velja það form flest vegna þess að það borgar sig að hafa þennan rekstur í eigin höndum fremur en ríkisins.

Niðurlag

Hér hefur héraðsskjalavörður Kópavogs tæpt á nokkrum þáttum í skýrslu KPMG og haft dags fyrirvara til að setja það saman.

Í skýrslunni er nefnt á bls. 36 að skráðir verði ferlar með það fyrir augum að draga úr launakostnaði. Ferlar í skjalasöfnum eru almenns eðlis. Skjöl þarfnast ósjaldan sértækrar meðhöndlunar þrátt fyrir að ferlum sé fylgt. Í þessu virðist liggja einhver misskilningur um vinnubrögð á skjalasöfnum. Fara þarf fram mat á grundvelli laga um aðgengi hverju sinni. Meðferð skjala verður aðeins að takmörkuðu leyti sjálfvirknivædd. Launakostnaður er á grundvelli kjarasamninga og starfslýsinga. Skjalaverðir eru einnig bundnir siðferðisskyldum skv. siðaskrá Alþjóða skjalaráðsins.

Í skýrslunni er sumstaðar nefnt að eitthvað sé ekki lögskylt verkefni af því sem menningarstofnunum bæjarins er ætlað að sinna. Má þá benda á að þjóðþrifastofnanir eins og

leikskólar bæjarins eru ekki heldur lögskylt verkefni. Það segir því takmarkað til um tilverurétt verkefnanna. Þessi ummæli benda til nokkurrar einsýni við gerð skýrslunnar, sjónarhornið er fjárhagslegt sem væri í sjálfu sér ágætt svo langt sem það nær ef byggt væri á réttum gögnum og þekkingu á starfseminni.

KPMG er með skýrslu sinni, sem reyndar er tekið fram að KPMG ætli ekki að bera neina ábyrgð á sbr. bls. 2, að teyma Kópavogsbæ á asnaeyrunum út í taprekstur þegar kemur að héraðsskjalavörslu bæjarins. Ýmis önnur ógæfa kynni og að hljóta af því, yrði það ógæfuspor stigið að leggja niður Héraðsskjalasafn Kópavogs. Þjónustufall og óþægindi yrðu töluverð og líklega tjón. Þjóðskjalasafnið á nú þegar fullt í fangi með að rækja hlutverk sitt gagnvart ríkinu og stofnunum þess og er sjálft í verulegum vandræðum með geymslur. Eyðingaráform með skönnun í huga eru örþrifarád sem hafa verið nefnd. Það liggja því mikil ódæmi og örlagaríkt tjón í loftinu.

Kópavogi, 30. mars 2023.



Hrafn Sveinbjarnarson,
héraðsskjalavörður

Hjálagt:

Spurningalisti KPMG sem héraðsskjalaverði var látinn í té 3. janúar 2023.

Minnisblað héraðsskjalavarða Kópavogs og Árnesinga til borgarfulltrúa í Reykjavík 28. febrúar sl. eins og það var birt á vefnum heradsskjalasafn.is 6. mars sl.

<https://heradsskjalasafn.is/?p=1487>

Bæklingurinn *Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu*, mars 2023.

Aðgerðaráætlun sveitarfélaga um rafræn skil. Frá stýrihóp Sambands íslenskra sveitarfélaga um rafræn skil, mars 2023. <https://stafraen.sveitarfelog.is/verkefni/rafraen-skil/?fbclid=IwAR23UHb3uTVm41GZo2B7tot-W1ySY3h2q9uwn770nUr70kNpuDxKtcxZF-g>

Spurningar:

Hversu lengi hefur þú starfað hjá Kópavogsbæ og hver er þinn menntunarbakgrunnur?

Verkferlar:Verkefni:

1. Geturðu lýst helstu verkefnum þínum hjá sveitarfélaginu?
2. Í hvaða verkefni verðu mestum tíma?
3. Fer of mikill tími í einhver verkefni? Eru ákveðin verkefni sem fer of mikill fókus í sem skila ekki nægilega miklu?
4. Hver ætti að sinna þeim verkefnum?
5. Hvað er gert vel?
6. Hvar liggja helstu tækifærin í þinni einingu?
7. Hvar liggja helstu áskoranirnar í þinni einingu?

Starfsmenn:

1. Er verkaskipting skýr að þínu mati?
2. Eru til skráðir verkferlar fyrir helstu verkefni?
3. Starfa starfsmenn eftir starfslýsingu?
4. Eru einhver verkefni að þínu mati sem mæti úthýsa til 3ja aðila (í verktöku)?
5. Hvernig finnst þér ábyrgðarskiptingin milli deilda/sviða?
6. Hvernig er samstarfið milli Deilda/sviða?
7. Hvernig eru boðleiðir milli deilda/sviða og til stjórnenda?

Hver eru helstu úrbótatækifærin:

1. Í framkvæmd á þjónustu?
2. Í skipulagi starfseminnar og ferlum?
3. Gagnamiðlun og tækni? Hvernig er skjalavistun háttað?
4. Hvernig finnst þér opnunartíminn? Of langur / of stuttur?
5. Finnst þér opnunartíminn nægja eftirspurn viðskiptavina?
6. Eru tækifæri til að auka sjálfsþjónustu íbúa?

Draumurinn

Hvernig myndir þú lýsa þinni óskasýn fyrir þróun menningarmála / þjónustumiðstöð?

Borgarskjalasafn í uppnámi

 Héraðsskjalasafn  06/03/2023

Lagt hefur verið til að leggja Borgarskjalasafn Reykjavíkur niður. Hefur þetta vakið nokkrar áhyggjur þar sem opinber skjalasöfn fela í sér innsta kjarna stjórnsýslu og menningar hjá sveitarfélögum og ríki. Að jafnaði er ekki búist við að ábyrg öfl innanlands geri þjóðþrífastofnunum sem vinna að almannaeilum slíka skrokkskjóðu. Fremur væri við því að búast að á slíkar stofnanir væri ráðist af óvinveittu innrásarliði. Óvissan er alger um örlög og afdrif safnkosts Borgarskjalasafns verði samþykkt í borgarstjórn á morgun 7. mars að leggja skjalasafnið niður. Talað hefur verið um að Borgarsögusafn taki að sér hluta safnkostsins, en þar starfa ekki skjalaverðir. Síðaskrá Alþjóða skjalaráðsins gildir um starfsemi skjalasafna. Það er mikilvægt að fagmenn sem hafa skjalavörslu á valdi sínu sinni safnkostinum. Meðferð sjúklinga er að jafnaði talin eiga að vera í höndum lækna, en ekki skottulækna.

Hætt er við að borgarfulltrúar sem greiða því atkvæði sitt á borgarstjórnarfundi á morgun að leggja niður Borgarskjalasafnið skapi sér með því heróstratíska*) frægð verði það að veruleika. Næsta víst er að sagnfræðingar á Íslandi hafa augun á borgarstjórn á morgun og þeir munu rita söguna. Bæði Sagnfræðingafélag Íslands og Sögufélag hafa ályktað Reykjavíkurborg til hvatningar að halda áfram rekstri Borgarskjalasafns. Að augu sagnfræðinga beinast svo mjög að málinu kann að hafa áhrif á eftirmæli borgarfulltrúa: Þegar Taejong Kóreukonungur (1367-1422) féll eitt sinn af hestbaki spurði hann strax með öndina í hálsinum hvort hirðsagnaritarinn væri ekki í öruggri fjarlægð, en svo var ekki, þess vegna var það fært í annála og er minnst hér. En eitt er að verða fyrir stundaróhappi óviljandi og annað að valda íbúum Reykjavíkur langvarandi tjóni af ásetningi.

Til að minna borgarfulltrúa á gildi og nauðsyn Borgarskjalasafns fyrir Reykjavíkurborg sendu tveir héraðsskjalaverðir þeim minnisblað 28. febrúar sl. og má sjá það hér:

Minnisblað héraðsskjalavarda Kópavogs og Árnesinga vegna tillögu um framtíðarhögun á starfsemi Borgarskjalasafns er lögð var fram á fundi borgarráðs Reykjavíkur 16. febrúar 2023.

*) Herostratus var maður sem átti sér þá ósk heitasta að verða frægur og kveikti því í Artemisarhofinu í Efesus. Yfirvöld bönnuðu að nafn hans yrði nefnt (með damnatio memoriae eða gleyskufordæmingu) en það kom fyrir lítið, frægð hans að endemum fór víða og svo mjög að enn er við slík tækifæri talað um heróstratíska frægð.

**Minnisblað héraðsskjalavarða Kópavogs og Árnesinga vegna tillögu um
fram tíðarhögun á starfsemi Borgarskjalasafns er lögð var fram á fundi borgarráðs
Reykjavíkur 16. febrúar 2023.**

Lagt hefur verið til að Borgarskjalasafn Reykjavíkur skuli lagt niður og stjórnsýsla þess lögð inn í ríkisstofnun, Þjóðskjalasafn Íslands. Hér er nauðsynlegt að gera nokkrar grundvallarathugasemdir um stjórnskipunarleg atriði og hugmyndafræðilegan og siðferðislegan grundvöll rekstrar Borgarskjalasafns í sögulegu ljósi. Að auki verður aðeins tæpt á efnislegum atriðum varðandi þá skýrslu sem fram hefur komið um málefni Borgarskjalasafnsins. Það er talið blasa við að yfirstjórn Reykjavíkurborgar hafi ekki fengið nægilega skýrar og skilmerkilegar upplýsingar um þessi málefni. Hér verður reynt að bæta úr því í von um að það geti leitt til farsællar niðurstöðu í málinu. Undirritaðir hafa starfað sem héraðsskjalaverðir og sinnt rekstri systurstofnana Borgarskjalasafnsins um árabíl.

Upphaf opinberra skjalasafna og borgaraleg réttindi

Á fyrri hluta 18. aldar var við lýði fornstjórnin svokallaða (fr. l'ancien regime) þar sem vald fursta og konunga vofði yfir Evrópu. Þessir kóngar, stórir sem smáir, höfðu komið sér upp stjórnsýslu með skrifræði (bureaukrati) til að reka hernað og heimta inn skatta og skyldur af þegnum sínum. Ávalt fundust þó stjórnsýslueiningar sem lutu ekki að öllu leyti konungsvaldi, það voru sveitar- og bæjarfélög. Sérstaða þeirra var jafnan skýr og þau höfðu eigin skjalavörslu með höndum. Skjalasöfn konunga voru leyndarskjalasöfn þeirra, aðgangur að þeim algerlega á valdi þeirra og öðrum óheimill nema fyrir þeirra tilstilli. Skjöl bæja og sveita voru hins vegar á valdi forsvarsmanna þeirra. Hér á landi voru þetta hreppar. Vegna þess að þeir áttu sér ekki eigið húsnæði fyrr en á síðustu öldum hefur meirihluti skjala þeirra frá fyrri tímum glatast. Sérstaða Reykjavíkur sem elsta kaupstaðar landsins er mikil. Eldri skjöl Reykjavíkur voru varðveitt í Þjóðskjalasafni Íslands þar til Skjalasafn Reykjavíkurbæjar var stofnað árið 1950, en bæjaryfirvöld þá voru þess meðvitað að það væri heldur smáporpslegt að Reykjavík ein höfuðborga á Norðurlöndum léti ríkið um varðveislu skjala sinna, ekki ósvipað Færeyjum og Grænlandi.

Upplýsingarréttur almennings til opinberra skjala kemur fyrst til sögunnar í löggjöf á síðari öldum með prentfrelsistilskipuninni í Svíþjóð 1766, en nauðsynlegt þótti að tryggja ritfrelsið með aðgengi að almennum opinberum skjölum, en lýðræðisleg skoðanaskipti verða að byggjast á áreiðanlegum skjölum og aðgengi að þeim.

Í Frönsku byltingunni var stofnað Þjóðskjalasafn Frakka, fyrsta þjóðskjalasafnið, með yfirlýsingu 12. september 1790. Franska þjóðþingið setti ýtarlegri lög hinn 7. messidor árið 2 (25. júní 1794) um Þjóðskjalasafnið. Í þeim lögum felst andi 15. greinar mannréttindayfirlýsingarinnar frá 1789: Samfélagið hefur rétt til þess að draga

sérhvern opinberan starfsmann til ábyrgðar fyrir stjórnsýslu sína. Í skjalasafnslögunum (37. gr.) er kveðið á um rétt sérhvers borgara til að glöggva sig á opinberum skjölum. Héraðsskjalasöfn voru svo stofnuð í Frakklandi með lögum 5. brumaire árið 5 (26. október 1796).

Þessar hugmyndir komust fyrst í lög á Íslandi með upplýsingalögum árið 1996. Fyrr voru þó stofnuð skjalasöfn á Íslandi. Þjóðskjalasafn í byrjun 20. aldar og héraðsskjalasöfn um miðja öldina, „til að héruðin láti ekki gjörryja sig að öllum heimildum um sögu sína...” eins og Skagafirðingurinn Jón Sigurðsson á Reynistað orðaði það á Alþingi 1946. Í Skagafirði var fyrsta héraðsskjalasafnið stofnað 1947. Skjalasafn Reykjavíkurbæjar, síðar Borgarskjalasafn, var svo annað héraðsskjalasafnið stofnað 1950.

Sjálfstæði, sjálfstjórn, sjálfsforræði og skjalasöfn sveitarfélaga

Forræði og ábyrgð á eigin skjalasafni er hornsteinn sjálfstjórnar og sjálfsforræðis ríkja og sveitarfélaga. Það gildir einnig um sjálfræði einstaklinga, hluti skjalasafns þeirra eru m.a. persónuskilríki og eignaskjöl t.d. um fasteignir að ógleymdum bréfum og bókhaldsskjölum. Mikilvægum skjölum fyrirtækis eða stofnunar er jafnan haldið skipulega og tryggilega í eigin skjalasafni þ.e. þegar forráðamenn taka hagsmuni fyrirtækisins eða stofnunarinnar alvarlega.

Þegar Noregur var tekinn af Danakonungi árið 1814 með friðarsamningnum í Kíl voru skýr ákvæði um að Danakonungur léti afhendi þau skjöl er áttu við Noreg við nýjan konung þar.

Í því ljósi má ætla að seint kæmi til mála að skjöl eins ríkis yrðu varðveitt hjá öðru ríki vegna hagræðingarhugmynda. Á sama hátt þykir eðlilegt að bæjar- og sveitarfélög sinni skjalavörslu sinni sjálf og standi straum af kostnaði við hana. Sveitarstjórnarráðuneytið nefnir t.d. á vefsíðu sinni skjalavörslu meðal lögmæltra verkefna íslenskra sveitarfélaga.

Öll samlegð og sameining stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga er vafasöm, m.a. á opinberum skjalasöfnum þar sem sjálfstæði íslenskra sveitarfélaga er stjórnarskrárbundið. Það er hvorki löggjafans né stjórnsýslunnar hvort heldur ríkis eða sveitarfélaga að raska því.

Á Norðurlöndum risu sambönd sveitarfélaga öndverð kæmu fram hugmyndir um yfirtöku ríkisskjalasafna á skjalasöfnum bæjar- og sveitarfélaga þar, og það af stjórnskipunarlegum grundvallarástæðum. Slík stefnufesta væri til eftirbreytni hér á landi.

Orðrómur um að Norðurlandþjóðir séu að leggja borgarskjalasöfn sín niður á ekki við rök að styðjast. Landsskjalasöfn í Danmörku og Svíþjóð (sem heyra undir

stjórnsýslustig amta/landsþinga sem er löngu aflagt á Íslandi) hafa verið lögð undir ríkisskjalasöfnin, ekki skjalasöfn sveitarfélaga. Borgarskjalasöfn Norðurlandanna eru í fullu fjöri og ekki útlit fyrir að það breytist. Mikil áhersla er á það lögð að bein afskipti séu ekki höfð á milli skjalavörslustofnana bæja- og sveitarfélaga annars vegar og ríkisskjalasafna hins vegar á Norðurlöndunum.

Ásókn Þjóðskjalasafns í sértekjur af sveitarfélögum

Ásælni Þjóðskjalasafns Íslands í skjöl sveitarfélaga hefur verið rík í rúman áratug, vegna væntinga þess um sértekjur úr sjóðum sveitarfélaga. Hefur verið yfir þessu kvartað við ráðuneytið fyrir um áratug og það veitt úrskurð sinn í samræmi við lög, á þá leið að þar sem héraðsskjalasafn sé rekið skuli öll skjöl sveitarfélaga sem að því standa vera varðveitt þar. Um leið bætti það þó því við (án lagastoðar) að semja mætti við Þjóðskjalasafnið um varðveislu rafrænna skjala, líklega á grundvelli staðlausra fullyrðinga úr Þjóðskjalasafninu um að því gætu héraðsskjalasöfnin ekki sinnt.

Forsvarsmenn Þjóðskjalasafnsins hafa einnig gert lítið úr héraðsskjalasöfnunum við Samband íslenskra sveitarfélaga með kynningu á harkalegri og niðurlægjandi skýrslu um héraðsskjalasöfnin. Veldur þessi stefna Þjóðskjalasafnsins líklega nokkru um tortryggni gagnvart starfshæfni Borgarskjalasafnsins. Skýrslan var skrifuð gagnert til að sýna fram á vanrækslu héraðsskjalasafnanna. Alvarlegar athugasemdir voru gerðar af hálfu Kópavogsbæjar við fagraráðuneyti Þjóðskjalasafns vegna þessarar skýrslu. Skömmu síðar kom önnur skýrsla Þjóðskjalasafnsins um skjalavörslu sveitarfélaga án héraðsskjalasafna, en þar er Þjóðskjalasafninu ætlað að gegna hlutverki héraðsskjalasafns. Í þeirri skýrslu var lítið gert úr misbrestum þar, sem áður voru átaldir í hinni skýrslunni. Þjóðskjalasafn er ekki héraðsskjalasafn nema í skötulíki, enda fær það ekki fjárveitingar til þeirrar starfsemi. Vanræksla á þessu sviði er því fremur Þjóðskjalasafns en héraðsskjalasafna.

Bréf nokkurra héraðsskjalavarda, vegna sjálfstjórnarréttar sveitarfélaga og skjalavörslumála, leiddu til viðbragða stjórnar Sambandsins í bókun 30. ágúst 2019 þar sem mikilvægt var talið að Þjóðskjalasafn gætti hófs við eftirlit með starfsemi sveitarfélaga.

Skýrsla KPMG um framtíðarfyrirkomulag Borgarskjalasafns

Tölur og greining skýrslu KPMG um framtíðarfyrirkomulag Borgarskjalasafns frá janúar 2023 þarfnast nokkurrar athugunar og leiðréttinga.

Ásælni Þjóðskjalasafns í skjöl sveitarfélaga birtist glögglega í því að gert var kostnaðarmat á yfirtöku Þjóðskjalasafns á Héraðsskjalasafni Akraness fyrir nokkrum árum, en sjá má málsskjöl um það í fundargerð 3451 fundar bæjarráðs Akraness 25. febrúar 2021. <https://www.akranes.is/stjornsysla/fundargerdir/baejarrad/3356>

Tölur sem þar koma fram eru ærið frábrugðnar því sem fram kemur í skýrslu KPMG um Borgarskjalasafn. Vekur sá mismunur furðu. Kostnaður Reykjavíkurborgar við að færa Borgarskjalasafn til Þjóðskjalasafns virðist mjög vanáætlaður í skýrslu KPMG sé höfð hliðsjón af kostnaðarútreikningi Þjóðskjalasafnsins sjálfs vegna Héraðsskjalasafns Akraness.

Þetta eru ekki einu tölur og útreikningar sem orka tvímælis í skýrslunni. Ekki er tekið tillit til þátta eins og innri leigu sem verður ytri leiga utan rekstrar Reykjavíkurborgar. Umfang húsnæðis og kostnaður við það hljóta að vera mjög ofáætlað.

Kostnaðarmat við þjónustukaup frá Þjóðskjalasafni Íslands virðist byggjast á misskilningi, ljóst virðist vera að gjaldskrá Þjóðskjalasafnsins nær ekki yfir mikilvæga rekstrarþætti sem viðbúið er að muni bætast þar við. Þetta mat er því óraunhæft, því ólíklegt er að þjónusta við Reykjavíkurborg og borgara í Reykjavík um aðgengi að skjölum fáiist borginni að kostnaðarlausu hjá ríkinu.

Valkostagreining sú sem sett er fram í skýrslunni er ónákvæm svo miklu munar og hætt er við að stórtjón hljótist af fyrir Reykjavíkurborg ef farið verður út í þær án þess að hún verði gaumgæfilega endurskoðuð af kunnáttumönnum í skjalavörslu sem hafa þekkingu og reynslu af rekstri opinberra skjalasafna.

Samlegðaráhrif til athugunar

Framkvæmd skjalavörslumála innan Reykjavíkurborgar þyrfti að taka breytingum sem gæti leitt til hagkvæmni í samlegðaráhrifum. Skjalaver sem rekið er í Borgartúni ætti að færast til Borgarskjalasafns, enda ekki eðlilegt að skjalasöfn einstakra sviða og deilda sem að lögum um opinber skjalasöfn eru á persónulega ábyrgð forstöðumanna á hverjum stað fari annað en beint til viðeigandi opinbers skjalasafns þ.e. Borgarskjalasafns úr höndum þeirra. Með því að framfylgja lögum að þessu leyti skapaðist þegar ótvíræð hagkvæmni.

Hugmyndir í nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur um samrekstur í héraðsskjalasafni hafa komið til umræðu á vettvangi SHH (Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu) árið 2011, en í nágrenni Reykjavíkur reka Mosfellsbær og Kópavogur héraðsskjalasöfn. Seltjarnarnes, Garðabær og Hafnarfjörður reka ekki héraðsskjalasöfn. Þetta mætti taka til athugunar.

Áform héraðsskjalasafna um sameiginlegt móttökuver rafrænna skjala eru einnig áhugaverður kostur til athugunar.

Niðurstaða

Skorað er á Reykjavíkurborg að halda áfram rekstri eigin opinbers skjalasafns hvort heldur á eigin vegum eða annan hátt í samstarfi á sveitarstjórnarstigi.

Mikilsvert er að freista þess að tryggja að það skjalasafn verði óháð Þjóðskjalasafni Íslands, laust undan ásælni þess og afskiptum, og að þar sé rækt lögð við stjórnsýslulegan og samfélagslegan menningararf Reykvíkinga í skjölum, stjórnsýslu, stjórnmálum og borgurum til heilla í anda stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands og borgaralegrar lýðræðislegrar stjórnsýslu.

Virðingarfyllst,


Hrafn Sveinbjarnarson
héraðsskjalavörður Kópavogs

Þorsteinn Tryggvi Másson
héraðsskjalavörður Árnesinga

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08 2026

Rafræn skil sveitarfélaga

Ferli að rafrænum skilum,
hlutverk og ábyrgð þátttakenda



Mars 2023

Efnisyfirlit

3	Verkefnið
6	Forsendur rafrænna skila
9	Rafræn skil í 8 skrefum
21	Viðauki

Verkefnið

Skýdur sveitarfélagi og opinberra skjalasafna

Sveitarfélögum er skylt að haga skjalastjórn og skjalavörslu í samræmi við lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014, lögum um sveitarfélög skilgreind sem afhendingarskyldir aðilar. Markmið laganna er að tryggja myndun, vörslu og örugga meðferð opinberra skjala með réttindi borgaranna, hag stjórnsýslunnar og varðveislu sögu íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi. Lögin mynda ramma um opinbera skjalavörslu og skjalastjórn á Íslandi, bæði ríkis og sveitarfélaga.

Þjóðskjalasafn Íslands hefur það hlutverk samkvæmt lögum að setja reglur um skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila, gefa út leiðbeiningar og standa fyrir fræðslu um skjalavörslu. Varðveisla skjala afhendingarskyldra aðila er lögbundin og eyðing þeirra óheimil nema með sérstakri heimild frá Þjóðskjalasafni Íslands og að höfðu samráði við viðkomandi héraðsskjalasafn.

Opinber skjalasöfn (Þjóðskjalasafn og héraðsskjalasöfn) skulu hafa eftirlit með því að afhendingarskyldir aðilar uppfylli þau lög og reglur sem skjalahaldi þeirra eru settar en þeim ber einnig að veita stuðning og ráðgjöf um skjalavörslu og skjalastjórn. Afhendingarskyldir aðilar sem vilja bæta sína upplýsinga- og skjalastjórn skyldu því alltaf byrja á því að leita til síns skjalasafns.

Héraðsskjalasöfn eru þjónustu- og menningarstofnanir en um leið stjórnsýslustofnanir með ábyrgðarmikið eftirlitshlutverk þegar horft er til réttinda íbúa eða rekjanleika og gagnsæis þegar kemur að stjórnvaldsákvörðunum og þar með mikilvægt að sveitarfélög, stofnanir þeirra sem og íbúar geti með auðveldum hætti nýtt sér þjónustu héraðsskjalasafna. Rekstur þeirra er því mikilvægur hluti af þeirri þjónustu sem sveitarfélögin veita stofnunum sínum og íbúum heima í héraði. Skjalavarsla er lögmætt verkefni sveitarfélaga og héraðsskjalasöfnin tryggja farsæla og hagkvæma framkvæmd hennar.

Breyttar þarfir

Hröð þróun hefur orðið í þeirri þjónustu við almenning sem byggir á stafrænum lausnum og stafrænn veruleiki er orðinn hluti af líf okkar flestra. Þróunin er mishröð eftir sveitarfélögum en öll eru þau að halda í þessa vegferð. Af þessu leiðir að form gagna er og hefur verið að breytast úr því að vera á pappír yfir í stafrænt form. Þessum stafrænu gögnum ber sveitarfélögum að halda utan um og í samvinnu við sín skjalasöfn að tryggja varðveislu þeirra til langtíma. Stafvæðingin kallar á nýjar áherslur og nýjar lausnir í langtíma vörslu skjala- og gagnasafna. Kröfur um öryggi gagna, aðgengi að þeim og nýjar leiðir í miðlun safnkosts gera auknar kröfur til opinberra skjalasafna. Stafvæðingin þarf því að vera samstillt átak sveitarfélaga og opinberra skjalasafna.

Staðan

Fá sveitarfélög hafa stigið það skref að fullu að fara í rafræn skil. Fyrir því geta verið ýmsar ástæður svo sem áhyggjur af auknum kostnaði og skortur á tæknilegum innviðum og þekkingu þar að lútandi. Verkefni stýrihópsins var ekki sist að útskýra hvaða skref sveitarfélög þurfa að taka í átt stafvæðingar og hvaða kostir eru boði þegar kemur að langtíma varðvörslu stafrænna og rafrænna gagna. Hér í fyrri hlutanum er sjónum beint að undirstöðunni, sjálfri skjalastjórninni, og fyrstu skrefum skila, tilkynningunum og gerð vörsluútgáfa.

Ávinningur af rafrænum skilum er margvíslegur, einfaldari skjalavinnsla, samræmt verklag, minni notkun pappírs og bætt upplýsingaöryggi. Aðgerðaáætlunin er hugsuð til að einfalda sveitarfélögum þessa vegferð.

Markmið verkefnisins

- Gera rafræn skil að raunhæfum kosti fyrir sveitarfélög
- Skilgreina verkáætlun fyrir sveitarfélög í átt að rafrænum skilum
- Minnka pappírmagn sem situr í skjalageymslum og grisja með leyfi Þjóðaskjalasafns
- Tryggja örugga geymslu gagna
- Koma á sameiginlegum skilningi hagaðila um framtíðargeymslu rafrænna gagna sveitarfélaga

Afurðir

Þessi skýrsla er önnur af tveimur afurðum verkefnisins. Hún inniheldur aðgerðaaætlun sem sveitarfélög geta notað við rafræn skil frá undirbúningi til skila.

Hin afurðin er skýrsla sem lýsir þeim kostum sem sveitarfélög hafa við framkvæmd móttöku og langtímavarðveislu.

Stýrihóp verkefnisins skipuðu

- Hjálmur Hjálmsson, ráðgjafi og verkefnisstjóri
- Ástríður G. Sigurðardóttir, Skjalastjóri Reykjanesbæ
- Heiðbrá Ólafsdóttir, héraðsskjalavörður Rangæinga og V-Skaftfellinga
- Hrunn Erla Guðmundsdóttir, sérfræðingur í stafrænum lausnum Múlaþingi
- Jóhann Guðmundsson, kerfisstjóri Akranesi
- Sólborg Una Pálsdóttir, héraðsskjalavörður Skagfirðinga

Forsendur rafrænna skila



Miðlun verklags og fræðsla um myndun og meðferð skjala er ætlað að tryggja samræmd vinnubrögð og auðvelda yfirsýn á málaflokkinn. Hér fyrir neðan eru mikilvægir þættir góðrar skjalastjórnunar sem eru forsendur þess að geta hafið ferli í átt að rafræn skilum. Einnig er vísað í reglur og leiðbeiningar þjóðskjalasafns Íslands.



Skjalavistunaráætlun

Skjalavistunaráætlun inniheldur upplýsingar um myndun, varðveislu og aðgengi allra skjalaflokka sem verða til í starfsemi afhendingarskylds aðila. Skjalavistunaráætlun gildir fyrir afmarkað tímabil, svokallað skjalavörslutímabil, sem venjulega er 5 ár. Opinbert skjalasafn, sem viðkomandi aðili er afhendingarskyldur til, skal samþykkja allar skjalavistunaráætlanir áður en þær taka gildi. Slá frekari reglur um skjalavistunaráætlanir.



Málalykill

Málalykill ásamt málaskrá eru verkfæri til þess að fá yfirlit yfir, vinna við og halda góðu skipulagi á málasafni afhendingarskylds aðila. Málalykill er skilgreindur fyrir hvert skjalavörslutímabil og þarf að vera samþykktur af því opinbera skjalasafni, sem viðkomandi aðili er afhendingarskyldur til, áður en hann er tekinn í notkun. Gildistíma málalykils skal skrá í skjalavistunaráætlun. Hér má finna nánari reglur um málalykla.



Kortlagning kerfa

Yfirsýn yfir þau kerfi sem eru í notkun hjá afhendingarskyldum aðila skal vera hjá skjalastjóra eða ábyrgðaraðila skjalamála. Gagnlegt er að kortleggja kerfin m.t.t. hlutverks þeirra, hvers konar skjöl eru mynduð í þeim, gagnvirkni, vensl og fleira er lýtur að virkni. Með því næst yfirsýn á umfang rafrænna skila og hægt er að setja upp áætlun um skil úr hverju kerfi fyrir sig. Upplýsingar um ofangreind kerfi ættu einnig að vera aðgengileg í vinnsluskrár persónuverndarfulltrúa. Héraðsskjalasöfn hafa sett saman spurningalista fyrir sveitarfélög með grunnspurningum um þau rafrænu gagnakerfi/gagnasöfn sem eru eða hafa verið í notkun.

Samstarf er forsenda árangurs

Rafræn skil
gagnasafns er
samstarf allra aðila
sem koma að rafrænni
skjalavörslu en
afhendingarskyldur
aðili ber þó ábyrgð á
að verkefnið sé unnið í
samræmi við lög og
reglugerðir

Afhendingarskyldur aðili

Afhendingarskyldur aðili er sá sem skila ber gögnum til opinbers skjalasafns. Meginábyrgð rafrænna skila er á herðum þessa aðila og telst til skilgreindrar ábyrgðar á því á að haga skjalastjórn og skjalavörslu skv. lögum og reglum. Afhendingarskyldur aðili tilkynnir rafrænt gagnasafn, afmarkar skjalavörslutímabil, undirbýr gögn til varðveislu og ber ábyrgð á afhendingu vörsluútgáfu til vörsluaðila.

Opinbert skjalasafn

Opinbert skjalasafn, sem afhendingarskyldur aðili skal afhenda til, tekur á móti tilkynningu um rafrænt gagnasafn, metur varðveislugildi þess og móttekur vörsluútgáfu gagnasafnsins. Opinbert skjalasafn varðveitir vörsluútgáfu rafræna gagnasafnsins.

Þjóðskjalasafn Íslands

Þjóðskjalasafn Íslands setur reglur um varðveislu og förgun skjala. Samkvæmt lögum er þjóðskjalasafn eini aðilinn sem heimilað getur grísjun skjala.

Hugbúnaðarfyrtæki

Sá aðili sem hannar/á/rekur það rafræna gagnakerfi sem afhendingarskyldur aðili notar við gagnavörslu ber ábyrgð á því að veita upplýsingar um tæknilega þætti kerfisins vegna tilkynningar rafræna gagnasafnsins. Hugbúnaðarfyrtækið er lykilsamstarfsaðili afhendingarskylds aðila og opinbers skjalasafns við undirbúning vörsluútgáfu.

Rafræn skil í 8 skrefum

1. Afmörkun

A. Skjalavistunaráætlun

Skjalavistunaráætlun er grundvallarstjórnæki í skjalasafni afhendingarskylds aðila.¹ Áætlunin felur í sér heildaryfirlit um hvern skjalaflokk, þau skjöl sem mynda hann og um meðferð, frágang og varðveislu skjalanna. Áætlunin á að endurspeglar skjalasafn viðkomandi aðila. Sveitartíð geta leitað til sins skjalasafns um ráðgjöf við gerð skjalavistunaráætlanna.

2. Tilkynning

A. Tilkynning

- Afhendingarskyldur aðili tilkynnir rafrænt gagnasafn til langtíma-varðveislu til þess opinbera skjalasafns sem skila á til.
- Tilkynna skal rafræn gagnasöfn að minnsta kosti 3 mánuðum áður en þau eru tekin í notkun.

B. Samþykki

- Opinbert skjalasafn upplýsir hvort varðveita skuli skjöl og önnur gögn úr gagnasafninu, og ef svo er hvenær afhenda skuli fyrstu vörsluútgáfu og hvaða kröfum hún skuli mæta.

3. Grisjun

A. Umsókn

- Mögulegt er að sækja um grisjun gagna, t.d. hafi skjöl verið færð yfir á rafrænt form.²
- Eyðublið fyrir grisjunarheimildir eru á island.is

B. Grisjunarheimild

- Þjóðskjalasafn veitir heimild til grisjunar.
- Óheimilt er að eyða skjölum eða gögnum án heimildar þjóðskjalasafns.

4. Fylgiskjöl

A. Notendahandbók

- Notendahandbók tryggir að gagnasafn sé notað á sama hátt af öllum notendum.
- Upplýsingar um innihald notendahandbókar er að finna í [reglum um tilkynningu](#)

B. Tækniupplýsingar

- Eigindavensl.
- Lýsing á töflum, ferlum, umskráningu og öðru eftir því sem við á.

C. Lýsing á vörsluútgáfu

- Lýsing á því hvernig vörsluútgáfan skal vera búin til.

¹ Þjóðskjalasafn. (2018). Skjalavistunaráætlun. Leiðbeiningar fyrir afhendingarskylda aðila ríkisins. <https://skjalasafn.is/files/docs/skjalavistunaraetlun-2019.pdf>

² Ekki er algið að eyða megi gögnum sem hafa orðið til á pappír þó svo að þau hafi verið skönnuð.

5. Fyrsta vörsluútgáfa

A. Ítrun

- Fyrsta vörsluútgáfa er undirbúin í samræmi við lýsingu hennar í notendahandbók.
- Fyrsta vörsluútgáfa er afmarkaður hluti tilkynnts gagnasafns til prófunar. Hún er keyrð eins og um allt gagnasafnið væri að ræða, til að greiða úr þeim vandamálum sem gætu komið upp við afhendingu vörsluútgáfunnar.

6. Prófun

A. Kröfur til vörsluútgáfu

- Prófa þarf fyrstu vörsluútgáfu til að staðfesta að hún standist kröfur sem gerðar eru til hennar
- Á vef þjóðskjalasafns er hugbúnaður til prófunar aðgengi- legur öllum þeim sem vilja. Afhending rafrænna gagna - Ráðgjöf og eftirlit (skjalasafn.is)

B. Samþykki

- Þegar opinbert skjal safn hefur móttengið fyrstu vörsluskrá gerir safnið prófanir á henni til að kanna hvort hún uppfylli kröfur.

7. Undirbúningur

A. Lokun mála

- Til að unnt sé að ljúka skjalavörslutímabili þarf að taka til í málakerfi, t.d. með því að loka opnum málum.
- Í þeim tilfellum sem mál skulu áfram vera notuð þarf að tryggja brú yfir í næsta tímabil með vísan úr nýju máli í nýjum málalykli, í hið eldra.

B. Næsta skjalavörslutímabil

- Undirbúa þarf nýtt skjalavörslutímabil með skjalavistunaráætlun og endurskoðun málalykils.

8. Skil

A. Afhending

- Tilbúin vörsluútgáfa er afhent opinberu skjalasafni til varðveislu skv. afhendingaráætlun.

B. Varðveisla

- Vörsluútgáfur eru varðveittar hjá opinberu skjalasafni.
- Afhendingarskyldum aðila er skylt að veita aðgang að rafrænum gögnum sem afhent hafa verið í vörsluútgáfu í 30 ár.

1. Afmörkun

A. Skjalavistunaráætlun

- Reglur um skjalavistunaráætlanir afhendingarskyldra aðila nr. 571/2015 segja til um skyldu aðila til þess að hafa yfirsýn yfir skjalasafn sitt. Í skjalavistunaráætlun skulu meðal annars eftirfarandi atriði koma fram fyrir hvern skjalaflokk eftir því sem við á: Heiti skjalaflokks, auðkenni skjalaflokks, dagsetning tilkynningar/heimildar til notkunar rafrænna gagnakerfa, aðgangstakmarkanir, lýsigögn og ákvörðun um grisjun eða varðveislu. Skjalavistunaráætlanir skulu gilda skjalavörslutímabil sem er u.þ.b. fimm ár. Skjalavistunaráætlanir skulu samþykktar af opinberu skjalasafni sem viðkomandi aðili er afhendingarskyldur til.

B. Umboð til rafrænna skila

- Ef þjóðskjalasafn er móttakandi tilkynningar um rafræn skil gagnasafns skal afhendingarskyldur aðili veita ábyrgðaraðila fyrir rafrænum skilum, umboð til að geta tilkynnt viðkomandi gagnasafn í gegnum island.is
 - Leiðbeiningar um hvernig slíkt umboð er veitt er að finna á vef þjóðskjalasafns

Skjalavistunaráætlun er grundvallarstjórnæki í skjalasafni afhendingarskylds aðila

Mikilvægt er að skilgreina skjalavörslutímabilið sem rafræn skil eiga að ná til í skjalavistunaráætlun.



2. Tilkynning

A. Rafræn umsókn

- Afhendingarskyldur aðili þarf að safna saman þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna tilkynningarinnar, t.d. tæknilegum upplýsingum hjá hugbúnaðarfyrtæki.
- Sé tilkynning send þjóðskjalasafni skal sótt um rafrænt á island.is og hægt er að fylgja leiðbeiningum safnsins vegna undirbúnings tilkynningarinnar.
- Tilkynningar til annarra opinberra skjalasafna en þjóðskjalasafns skulu fylgja því verklagi sem viðkomandi safn hefur tilgreint.

B. Samþykki

- Opinbert skjalasafn metur hvort gögn í rafrænu gagnasafni séu þess eðlis að þau skuli varðveita. Ef varðveita skal gögnin upplýsir skjalasafnið hvenær afhendingarskyldur aðili eigi að afhenda vörsluútgáfu og hvaða kröfur eru til hennar gerðar.

Opinbert
skjalasafn metur hvort
gögn í rafrænu
gagnasafni séu þess eðlis
að þau skuli varðveita

Hlutverk opinberra skjalasafna er m.a. að skilgreina og meta hvort gögn í rafrænu gagnasafni sveitarfélags séu þess eðlis að þau skuli varðveita.



3. Grisjun

A. Umsókn um grisjun skjala til Þjóðskjalasafns Íslands

- Grisjun gagna er mikilvægur liður í að draga úr pappírmagni í geymslurýmum afhendingarskyldra aðila, en jafnframt er markviss grisjun mikilvæg til að lágmarka sóun orkuaðlinda vegna rafrænnar gagnavörslu. Auk þess tryggir markviss afmörkun gagna í langtímavarðveislu greiðara aðgengi og endurheimt upplýsinga til framtíðar.
- Grisjun getur átt við gögn sem hafa verið færð á rafrænt form með skönnun, ljósmyndun eða annarri aðgerð, gögn sem aðeins hafa gildi í stuttan tíma, gögn sem geymd eru á mörgum mismunandi stöðum eða sömu upplýsingar sem vistaðar eru í fleiri en einum gagnagrunni.
- Umsókn um grisjun er skilað á island.is og afhendingarskyldur aðili sækir þar um.

B. Grisjunarheimild

- Þjóðskjalasafn setur reglur um varðveislu og förgun skjala og samkvæmt lögum er safnið eini aðilinn sem heimilað getur eyðingu skjala (grisjun). Safnið móttækur umsókn afhendingarskylds aðila og metur hvort grisja megi umrædd gögn. Safnið birtir sérstakan lista á vefsíðu sinni um veittar grisjunarheimildir.
- Afhendingarskyldum aðilum og héraðsskjalasöfnum er óheimilt að ónýta nokkurt skjal í skjalasöfnum sínum nema með heimild þjóðskjalasafns eða samkvæmt sérstökum reglum sem settar eru um ónýtingu skjala

Þjóðskjalasafn Íslands er
eini aðilinn sem getur
heimilað eyðingu skjala

Grisjun gagna er bæði mikilvægur liður í að draga úr
pappírmagni í geymslurýmum en ekki síður til að
lágmarka það magn rafrænna gagna sem varðveita
þarf í gagnaverum.



4. Fylgiskjöl (1/2)

A. Notendahandbók

- Notendahandbók er grundvallarskjal um rafræna gagnasafnið. Í henni eru allar leiðbeiningar og upplýsingar sem tryggja samræmda notkun gagnasafnsins, af öllum notendum, við öll skjöl.
- Í notendahandbók skal fjalla um tilgang og innihald gagnasafnsins, þ.á.m. almenn tengsl þess við önnur gagnasöfn afhendingarskylds aðila.
- Einnig skal lýsa reglum og vinnuferlum er varða góða og örugga skjalavörslu og skjalastjórn í gagnasafninu, s.s. stofnun og lokun mála, hvernig málum og skjölum eru gefin heiti, skráningaraðferð og notkun hennar, ferli skráningar og varðveislu skjala, leyfð skráarsnið o.fl.
- Nánari leiðbeiningar um innihald notendahandbókar er að finna í reglum um tilkynningu, samþykkt og skil á rafrænum gagnasöfnum afhendingarskyldra aðila.
- Sem dæmi um notendahandbók rafræns gagnasafns birtir Þjóðskjalasafn á vef eigin notendahandbók um skjalavörslukerfið OneCRM Notendahandbók – Málasafn (skjalasafn.is)

Þegar tilkynning rafræns gagnasafns hefur verið samþykkt skal senda tiltekin fylgiskjöl með umsókninni

Í notendahandbók um rafræn gagnasöfn eru allar þær leiðbeiningar, og upplýsingar, sem ætlað er að tryggja samræmda notkun



4. Fylgiskjöl (2/2)

B. Tækniupplýsingar

- Hugbúnaðarfyrtæki er lykilsamstarfsaðili í að veita nauðsynlegar upplýsingar um tæknimál rafræna gagnasafnsins, s.s. lýsingu á töflum og dálkum.
- Lýsa þarf eigindavenslum gagnasafnsins, skrá upplýsingar um vistunarsnið, og skal hvert skjal hafa einkvæmt auðkenni og skrá skal hver vensli eru á milli skjala. Séu vensli ekki mynduð við skráningu, skal afhendingarskyldur aðili gera grein fyrir hvernig venslin verða skráð í vörsluútgáfunni.

C. Lýsing á vörsluútgáfu

- Hugbúnaðarfyrtæki kerfisins skal veita afhendingarskyldum aðila upplýsingar um hvernig vörsluútgáfa er búin til.

Þegar tilkynning rafræns gagnasafns hefur verið samþykkt skal senda tiltekin fylgiskjöl með umsókninni

Í notendahandbók um rafræn gagnasöfn eru allar þær leiðbeiningar, og upplýsingar, sem ætlað er að tryggja samræmda notkun



5. Fyrsta vörsluútgáfa

A. Undirbúningur gagna

- Afhendingarskyldur aðili, ásamt hugbúnaðarfyrirtæki, skal undirbúa fyrstu vörsluútgáfu í samræmi við lýsingu hennar sem skráð er í notendahandbók sem skilað var.
- Fyrsta vörsluútgáfa er afmarkaður hluti tilkynnts gagnasafns til prófunar. Hún er keyrð eins og um allt gagnasafnið væri að ræða til að greiða úr þeim vandamálum sem gætu komið upp við afhendingu vörsluútgáfunnar.
- Fyrsta vörsluútgáfan felur í sér ítrun þess ferils sem svo er notaður við eiginleg skil vörsluútgáfu rafræna gagnasafnsins.

Fyrsta vörsluútgáfa er afmarkaður hluti gagnasafns til prófunar

Fyrsta vörsluútgáfa er afmarkaður hluti tilkynnts gagnasafns til prófunar og felur í sér ítrun þess ferils sem svo er notaður við skil.



6. Prófun

A. Kröfur til vörsluútgáfu

- Afhendingarskyldur aðili ásamt birgja skulu prófa fyrstu vörsluútgáfu til að staðfesta að hún standist þær kröfur sem gerðar eru til hennar.
- Hafi afhendingarskyldur aðili tilkynnt rafrænt gagnasafn stendur sveitarfélaginu til boða að nýta sér hugbúnað til að kanna kröfur til vörsluútgáfu og aðgengilegur er á vef þjóðskjalasafns. Búnaðurinn er opin öllum, óháð því hvert opinbera skjalasafnið, sem varðveita skal vörsluútgáfu, er.

B. Samþykki

- Þegar opinbert skjalasafn hefur móttengið fyrstu vörsluútgáfu gerir safnið prófanir á henni til að kanna hvort hún uppfylli kröfur. Sé einhverju ábótavant upplýsir safnið afhendingarskylda aðilann um það og gera þarf umbætur áður en hægt er að skila vörsluútgáfu. Annars er útgáfunni skilað til varðveislu.

Afhendingarskyldur aðili skal prófa fyrstu vörsluútgáfu til að staðfesta að hún standist þær kröfur sem gerðar eru til hennar

Opinbert skjalasafn, sem móttækur fyrstu vörsluútgáfu, gerir prófanir á vörsluútgáfu til að kanna hvort hún uppfylli kröfur



7. Undirbúningur

A. Undirbúningur gagna

- Til að mögulegt sé að loka skjalavörslutímabili í rafrænu gagnasafni þarf afhendingarskyldur aðili að taka til í málakerfi. Loka þarf málum sem enn eru opin og skuli mál vera áfram notuð þarf að tryggja aðgengi á milli skjalavörslutímabila í kerfinu, þ.e. loka þarf eldra máli og stofna nýtt með vísan í eldra mál svo hægt sé að rekja málsmeðferð sé þess þörf.

B. Næsta skjalavörslutímabil

- Við lok skjalavörslutímabils skal afhendingarskyldur aðili jafnframt huga að nýju skjalavörslutímabili og undirbúa stofnun þess.
- Endurskoða og endurskilgreina þarf málalykil og sækja um samþykki hans til opinbers skjalasafns áður en hann skal tekinn í notkun.
- Semja þarf nýja skjalavistunaráætlun m.t.t. nýs skjalavörslutímabils og endurskoða skjalaflokka og verkferla sem þeim tengjast. Skjalavistunaráætlun skal vera samþykkt af opinberu skjalasafni áður en nýtt skjalavörslutímabil hefst.

Við lok skjalavörslutímabils skal afhendingarskyldur aðili huga að nýju skjalavörslutímabili og undirbúa stofnun þess

Sveitarfélög þurfa að semja nýja skjalavistunaráætlun m.t.t. þess nýja vörslutímabils sem fer í hönd



8. Skil

A. Afhending

- Afhendingarskyldur aðili ber ábyrgð á að gera og skila vörsluútgáfu til opinbers skjalasafns sem fer yfir, staðfestir og varðveitir.

B. Varðveisla

- Opinbert skjalasafn móttækur vörsluútgáfu rafræns gagnasafns til langtímavarðveislu og varðveitir gögnin með öruggum hætti. Vörsluaðili tryggir einnig að gögnin skemmist ekki og séu lesanleg til lengri tíma.
- Afritun gagna í rafrænni langtíma vörslu þarf sömuleiðis að vera með öruggum hætti.
- Afhendingarskyldum aðila er skylt að veita aðgang að rafrænum gögnum sem afhent hafa verið í vörsluútgáfu í 30 ár í samræmi við ákvæði laga um opinber skjalasöfn en miðað er við síðustu innfærslu eða síðasta skjal afgangis máls.

Afhendingarskyldur aðili
afhendir
tilbúna vörsluútgáfu
til varðveislu skv.
afhendingaráætlun

Skjalamyndari ber að varðveita rafrænt gagnasafn
sem hefur verið skilað í 25 ár eftir afhendingu



Viðauki

Lög og reglugerðir

01

Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014

Markmið laga þessara er að tryggja myndun, vörslu og örugga meðferð opinberra skjala með réttindi borgaranna, hag stjórnsýslunnar og varðveislu sögu íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi.

02

Þjóðskjalasafn setur reglur

Þjóðskjalasafn Íslands skal setja reglur skv. 1. tölul. 8. gr. um það hvernig skjalastjórn og skjalavörslu í stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og afhendingarskyldra aðila skuli hagað, svo og skráningu, flokkun og frágangi skjala til afhendingar til opinberra skjalasafna, þ.m.t. skilmála um staðla fyrir skjalavistunarkerfi og samþykkt á skjalavistunarkerfum.

03

Reglur um skráningu mála og málsgagna afhendingarskyldra aðila nr. 85/2018

Reglur þessar gilda um skráningu mála og málsgagna hjá afhendingarskyldum aðilum

04

Reglur um tilkynningu, samþykkt og skil á rafrænum gagnasöfnum nr. 877/2020

Reglurnar gilda um rafræn gagnasöfn sem notuð eru til að mynda, safna, skrá og varðveita skjöl og önnur gögn sem geyma upplýsingar og hafa orðið til, borist eða verið viðhaldið við starfsemi afhendingarskyldra aðila og skylt er að tilkynna til opinbers skjalasafns.

05

Reglur um málalykla afhendingarskyldra aðila nr. 572/2015

Reglurnar gilda um málalykla sem afhendingarskyldir aðilar skulu nota til þess að raða og halda utan um skjalaflokkinn málasafn í skjalasafni.

06

Reglur um afhendingu á vörsluútgáfum gagna úr rafrænum gagnakerfum nr. 100/2014

Þær gilda um afhendingu á vörsluútgáfum gagna úr rafrænum gagnakerfum, þ.e. rafrænna skráa, rafrænna gagnagrunna, rafrænna dagbókarkerfa og rafrænna mála- og skjalavörslukerfa.

Hugtakaskilgreiningar*

Mál

Hugtakið mál er notað um þau viðfangsefni eða úrlausnarefni sem eru eða hafa verið til meðferðar hjá afhendingarskyldum aðilum.

Skjala-flokkur

Skjalasafn hvers afhendingarskylds aðila samanstendur oftast af mörgum skjalaflokkum, sem skiptast niður í aðal- og undirskjalaflokka í samræmi við samsetningu skjalasafnsins. Hver einstakur skjalaflokkur verður til hjá afhendingarskyldum aðila við lausn verkefna, vegna sérstaks efnisinnihalds skjalanna sem unnið er með, notkunar þeirra og forms. Það ráðst af starfsskipulagi og verkefnum viðkomandi aðila hváða skjalaflokkar eru í skjalasafninu.

Málasafn

Málasafn er skjalaflokkur í skjalasafni afhendingarskylds aðila þar sem vinstuð eru skjöl um samskipti og málsatvik. Með málasafni er átt við gögn á pappír og rafræn, t.d. innkomin og útsend bréf, minnisblöð og orðsendingar innanhúss sem og samninga, greinargerðir, skráð símötöl, skýrslur o.fl. sem oft eru hluti máls og varpa ljósi á það.

Málaskrá

Í málaskrá eru upplýsingar um skjal skráðar um leið og það berst afhendingarskyldum aðila, þegar það er sent eða verður til í málsmeðferð. Skjölunum er raðað eftir málalykli og þau vinstuð í málasafni.

Málalykill

Í málaskrá eru upplýsingar um skjal skráðar um leið og það berst afhendingarskyldum aðila, þegar það er sent eða verður til í málsmeðferð. Skjölunum er raðað eftir málalykli og þau vinstuð í málasafni.

Skjala-vörslu-tímabil

Skjalavörslutímabil er fyrirfram ákveðið og afmarkað tímabil sem skjalavörslu og skjalastjórn hjá afhendingarskyldum aðilum er skipt niður á, þessi skipting í tímabil á við málasafn, málalykil, málaskrá, skjalavistunaráætlun og rafræn gagnasöfn með skjölum sem samþykkt hafa verið. Algengast er að skjalavörslutímabil sé fimm ar.

Skjalavistunaráætlun

Skjalavistunaráætlun er grundvallarstjórnæki í skjalasafni afhendingarskyldra aðila. Í henni eru upplýsingar um myndun, varðveislu og aðgengi að öllum skjalaflokkum sem verða til í starfsemiinni. Skjalavistunaráætlun veitir yfirlit yfir ákvarðanir sem hafa verið teknar um hvern skjalaflokk, þau skjöl sem mynda hann og um meðferð og frágang skjalanna. Skjalavistunaráætlun er því vitnisburður um myndun, aðgengi og varðveislu allra skjalaflokka sem verða til í starfsemi afhendingarskyldra aðila.

* Tekið af vef Þjóðskjalasafns <https://radgjof.skjalasafn.is>

Tæfni í skýrslunni

Heiti	Slóð
Leiðbeiningar um skjalavistunaráætlun	https://skjalasafn.is/files/docs/skjalavistunaraaetlun-2019.pdf
Reglur um skjalavistunaráætlun	https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=9a0fbdef-037b-47b5-8aa4-f091ea07eb51
Reglur um tilkynningu, samþykkt og skil á rafrænum gangasöfnum	https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=ea3f3808-932f-4a98-9ffc-97e79b457197
Afhending rafrænna gagna – Þjóðskjalasafn	https://radgjoef.skjalasafn.is/afhending-skjala/afhending-rafraenna-gagna/
Dæmi um notendahandbók - Þjóðskjalasafn	https://radgjoef.skjalasafn.is/wp-content/uploads/2022/06/Notendahandbok-Malasafn-reglur-og-stefna-utgafa-9-2022-20220503-Lokautgafa-1.pdf
Gjaldskrá Þjóðskjalasafns	https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=fa9e5ecd-de0b-4456-8690-a59f0aab18bc

NEA (Netværket Elektronik Arkivering) er samstarfsverkefni 31 sveitarfélags í Danmörku.

Héraðsskjalasöfnin hafa undirritað samning við NEA. Markmið NEA er að tryggja rafrænt skjalalag, vörslu rafræna gagna og aðgengi að rafrænum skjalasöfnum og nýta samstarfsvettvanginn til að byggja upp sérþekkingu hjá hverju skjalasafni. Regluverk vegna tilkynninga og móttöku á rafrænum gagnasöfnum opinberra aðila á Íslandi fylgir reglu-setningu Statens Arkiver í Danmörku og af þeim sökum skynsamlegt að vera í samstarfi við dönskt sveitarfélag um kortlagningu, tilkynningar og tilhögun skila á rafrænum gagnasöfnum.

NEA skipuleggur fundi, námskeið og biður upp á leiðsögn í tengslum við þau fjölmörgu verkefni sem tengjast rafrænni skjalavörslu, allt frá kortlagningu rafræna gagnasafna, fyrirlestra um lagaumhverfi, tilhögun afhendinga, hvernig vörslu er best háttað, uppbygging gagnagrunna eða uppsetningu á rafrænni/stafrænni gagnageymslu.


Með samningnum fest einnig aðgangur að verkfærakistu NEA, t.d. aðgang að hugbúnaði til að halda utan um kortlagningu rafræna gagnasafna.

Þetta þýðir þó ekki að langtímavarsja rafræna gagnasafna sveitarfélaga verði hjá NEA í Danmörku. Varðveislan verður hér á landi.



Langtíma
varðveisla gagna
sveitarfélaganna
verður á Íslandi


Ferlið frá fyrsta skilafundi til móttöku.



Klasasamstarf héraðsskjalasafna einfaldar verkefnastjórn og sambættingu verkefna vegna tilkynninga og skila á rafrænum gagnasöfnum.

Héraðsskjalasöfnin á Íslandi eru 19 talsins. 46 sveitarfélög eiga og reka þessi skjalasöfn. Íbúafjöldi á bak við héraðsskjalasöfnin er frá tæplega 700 og upp í 40.000. Skjalahald og skjalavarsla sveitarfélaganna er mislangt á veg komin, þ.e.a.s. gerð skjalavistunar-áætlana, málaýkila, verklagsreglna og notkun sérhæfðra skjalavörslukerfa.

Samstarfsverkefni héraðsskjalasafnanna byggir á að landinu er skipt upp í klasa sem fylgja að mestu skiptingu sveitarfélaga í landshlutasamtök. Eitt héraðsskjalasafn innan hvers klasa skuldbindur sig til að vera leiðandi í samstarfinu og vera hinum héraðsskjalasöfnum í viðkomandi klasa til stuðnings og ráðgjafar.



Til að tryggja rekstur miðstöðvarinnar þurfa héraðsskjalasöfnin að leggja í ákveðinn rekstrarkostnað ár hvert.

Kostnaðarskipting byggir á að héraðsskjalasöfn greiða árlega ákveðið grunngjald. Ofan á þá upphæð leggst gjald sem tekur mið af íbúafjölda hvers sveitarfélags og nýtingu þjónustu miðstöðvarinnar. Fámennasta sveitarfélagið greiðir minnst á meðan fjölmennasta sveitarfélagið greiðir mest. Hver klasi eða hvert safn getur síðan komið sér upp tæknibúnaði til að veita aðgang að vörsluútgáfum.

Rekstur miðstöðvarinnar tryggir að á héraðsskjalasöfnum verður til sérfræðipækning sem nýrist sveitarfélögum með beinum hætti, boðleiðir vegna tilkynninga, skila, prófana og afgreiðslu á gögnum eru einfaldar, hagkvæmar og skýrar.

Samstarfssöfnin	Fjöldi sveitarfélaga	Íbúafjöldi	Hlutfall
Héraðsskjalasafn Kópavogs	1	39.998	25,6%
Héraðsskjalasafn Akureyri	5	22.283	14,6%
Héraðsskjalasafn Árnesinga	8	20.076	13,2%
Héraðsskjalasafn Mostellsbæjar	1	13.024	8,6%
Héraðsskjalasafn Austfirðinga og Neskaupsstaðar	4	11.031	7,2%
Héraðsskjalasafn Akraness	1	7.841	5,2%
Héraðsskjalasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga	5	5.497	3,6%
Héraðsskjalasafn Þingeyinga	4	5.052	3,3%
Héraðsskjalasafn Ísafirði	3	5.011	3,3%
Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar	3	4.615	3,0%
Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja	1	4.414	2,9%
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga	1	4.294	2,8%
Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu	1	2.450	1,6%
Héraðsskjalasafn Fjallabyggðar	1	1.966	1,3%
Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu	3	1.885	1,2%
Héraðsskjalasafn Svartdæla	1	1.860	1,2%
Héraðsskjalasafn Vestur-Húnavatnssýslu	1	1.226	0,8%
Héraðsskjalasafn Dalasýslu	1	665	0,4%

LÖGMÆLT VERKEFNI

Lögmælt verkefni sveitarfélaga eru fjölmörg. Skylda til varðveislu skjala er hluti af þessum verkefnum skv. lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn.

01

Vörsluskýlda

Sveitarfélögum er skylt að varðveita þau skjöl sem verða til í stjórnsýslunni. Starfsfólk héraðsskjalasafnanna eru sérfræðingar sveitarfélaganna þegar kemur að myndun, vörslu og aðgengi þessara skjala.

02

Móttaka skjala og gagnasafna

Héraðsskjalasöfnum er skylt að taka á móti skjölum og gagnasöfnum sveitarfélaga til langtímavarðveislu.

03

Skráning og aðgengi

Starfsfólk héraðsskjalasafnanna tryggir að skráning skjala og rafræna gagna sé til staðar og standist reglur. Starfsfólk hefur leiðbeiningarskyldu þegar kemur að leit og notkun á safnkostinum og veitir stjórnsýslunni og íbúum sveitarfélaga mikilvæga aðstoð.


NÆSTU SKREF

Sveitarfélög eru mislangt komin í sinni stafrænu umbreytingu. Fara þarf yfir skipulag rafræna gagnasafna, notkun þeirra og skoða hvernig tilkynningu og skilum verður háttað. Sveitarfélögin og héraðsskjalasöfnin munu leysa þetta verkefni í sameiningu.

Eitt af fyrstu skrefunum er að tryggja öruggra gagnahýsingu bæði fyrir vinnslugögn og öryggisafrit sem uppfyllir öryggisstaðla (t.d. ISO 27001) og er hagkvæm í rekstri.

Árið 2023 munu héraðsskjalasöfnin kortleggja rafræn gagnasöfn sveitarfélaga, þ.e. búa til yfirlit yfir fjölda og tegundir gagnasafna sveitarfélaga, s.s. málakerfi, launa- og mannauðskerfi. Kortlagningin er mikilvægur undanfari rafræna skila og liður í að meta umfang, gæði og varðveislu gagnanna.

Árið 2023 munu héraðsskjalasöfnin halda áfram að taka á móti tilkynningum á rafrænum gagnasöfnum, hér eftir í gegnum Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu.



- Inngangur
- Lögmælt verkefni
- Samstarf
- Klasar
- Þjónusta
- NEA
- Ferlið
- Kostnaðarliðir
- Kostnaðarskipting
- Einkaskjöl
- Næstu skref
- Stafræn héraðsskjalasöfn

Greinargerð þessi er unnin á vegum stýrihóps héraðsskjalavarða um rafræna skjalavörslu og varðveislu

Í stýrihópnum sitja:

- Erla Dís Sigurjónsdóttir
- Hrafn Sveinbjarnarson
- Lára Agústa Ólafsdóttir
- Stefán Bogi Sveinsson
- Þorsteinn Tryggvi Másson

Að greinargerðinni komu einnig fulltrúar héraðsskjalasafna í stýrihópi Sambands íslenskra sveitarfélaga um rafræn skil.

- Heiðbrá Ólafsdóttir
- Sólborg Una Pálsdóttir

Höfundar:
Sólborg Una Pálsdóttir
Þorsteinn Tryggvi Másson

TENGILIÐUR

Héraðsskjalasafn
Arnesinga

Austurvegur 2
800 Selfossi

simi: 482-1259

Þorsteinn Tryggvi Másson
thorsteinn@heradsskjalasafn.is
www.myndasetur.is

ISBN 978-9935-9418-2-4